

Þorláksgeisli 2-4



Um er að ræða byggingu á nýjum búsetukjarna fyrir einhverfa einstaklinga við Þorláksgeisla 2-4. Í húsinu verða fimm einstaklingsíbúðir auk aðstöðu fyrir starfsfólk. Stærð hússins er um 430m².

Félagsbústaðir og velferðarsvið Reykjavíkurborgar sáu um þarfagreiningu og frumhönnun hússins í samvinnu við arkitekt.

Arkitekt hússins er Gunnar Borgarsson hjá ASK arkitektum.

Hönnuðir lagnakerfa, lofræstingar og burðarþols er verkfræðistofa Þráins og Benedikts.

Hönnuður raflagna var Tera sf.

Verkið var boðið út í samvinnu við innkaupadeild Reykjavíkurborgar á grundvelli útboðsgagna sem unnin voru af arkitekt og hönnuðum fyrir verkkaupa.

Samið hefur verið við verktakafyrirtækið Spöng ehf um smíði hússins. Það verður tekið í notkun 30. sept 2016.

